
Hélt uppboð á sinni fyrstu sýningu



Magnús Á. Árnason við „Mansöng". Verkið er gert úr móbergi. Ljósm. Loftur.

„Mín fyrsta sýning var þegar ég hélt listaverkauppboð í gamla Guttó árið 1918. Það mun hafa verið fyrsta listaverkauppboðið sem haldið var hér á landi og seldi ég allar myndirnar á þremur dögum," sagði Magnús Á. Árnason í samtali við Vísi.

Magnús opnar í dag sýningu á verkum sínum í austursal Kjarvalsstaða. Síðast sýndi hann hér á landi árið 1969, en auk sýninga hér hefur hann tekið þátt í sýningum í Danmörku, Mexikó og Kaliforníu.

Á sýningunni eru 77 málverk, auk nokkurra kaffi- og blekteikninga og höggmynda.

Nýlega stofnaði Magnús minningarsjóð um konu sína Barböru Árnason listakonu ásamt syni sínum Vífli Magnússyni arkitekt. Sjóðurinn var stofnaður af því fé sem kom inn af yfirlitssýningu á verkum Barböru fyrr á þessu ári.

Sjóðnum er ætlað að styrkja einn listamann árlega til utanfarar og verður úthlutað úr sjóðnum í fyrsta sinn snemma á næsta ári.

—SJ



Sýningu Ragnheiðar lýkur á mánudag

Sýningu Ragnheiðar Jónsdóttur, sem hefur staðið yfir í Norræna húsinu, lýkur á mánudag. Á sýningu Ragnheiðar eru 43 grafíkmyndir. Sýningin er opin frá klukkan 2 til 10 síðdegis.

Einar Hákonarson myndlistargagnrýnandi blaðsins fjallar um sýningu Ragnheiðar Jónsdóttur í dag.

Erling Blöndal Bengtsson leikur fyrir Kammermúsíkklúbbinn

Kammermúsikklúbburinn í Reykjavík, hefur starfsár sitt 1976-1977 með því að prófessor Erling Blöndal Bengtsson flytur allar sex svítur J.S. Bach fyrir einleiksselló á tvennum tónleikum í Bústaðakirkju, á morgun, sunnudaginn 17. október og þriðjudaginn 19. október.

Í frétt frá Kammermúsíkklúbbnum, segir, að það sé klúbbfélögum mikið lán að eiga þess kost að heyra svo mikinn listamann sem prófessor Erling Blöndal Bengtsson flytja svo merk verk, en þetta verður í þriðja sinn sem hann flytur klúbbnum þessi tónverk. Hvert skipti færi félögunum víðtækari mynd af tónverkunum og tónlistarmanninum Erling Blöndal Bengtsson, sem var aðeins rúmlega 4 ára gamall, er hann kom fyrst fram á tónleikum í Kaupmannahöfn.

Starfsemi Kammermúsíkklúbbsins hófst í febrúar 1957 og á klúbburinn því 20 ára afmæli á næsta ári. Í því tilefni eru ráðgerðir afmælistónleikar snemma á næsta ári, en ekki hefur endanlega verið gengið frá efni þeirra.

Á 4. og 5. tónleikum starfsársins verður haldið áfram heildar flutningi strengjakvartetta Beethoven og flytur þá Sinnhofer kvartettinn frá Þýskalandi sex Strengjakvartetta Beethoven.

Þeim heildarflutningi mun svo ljúka haustið 1977.

Félagar í Kammermúsíkklúbbnum eru um 200, en fyrirhugað er að auka þá tölu nokkuð.

Þeir sem vilja gerast félagar eru beðnir að koma fyrir tónleikana í Bústaðakirkju til innritunar.

Rafmagnslaust á Akureyri í gær

Rafmagnslaust varð á Akureyri laust fyrir hádegi í gær, og var ekki kominn straumur á í öllum bænum fyrr en eftir tvo tíma.

Samkvæmt upplýsingum Rafveitu Akureyrar var orsök bilunarinnar sú, að háspennujarðstrengur við Þingvallastræti slitnaði, og ennfremur bilaði lína á Oddeyri. Rafmagnið var komið á á Brekkunni eftir um það bil 40 mínútur, en sem fyrr segir ekki fyrr en eftir tvo tíma á Eyrinni. Voru mörg fyrirtæki þar því stopp um hríð, m.a. Niðursuðuverksmiðjur K. Jónsson og Co.

—AH, Akureyri

BELTEK
Stereo segulband, 8 rása í bíla
Allir tala um verðhækkanir en við bjóðum stórkostlega verðlækkun
Venjulegt verð 26.200.-
okkar verð 10.900.-
Takmarkað upplag
INGVAR HELGASON
Vonarlandi v/Sogaveg — Simar 84510 og 84511


ÚRVAL POTTABLÓMA
Burknar í hundraðatali
Handunnið íslenskt keramik frá Vatnsberanum
blómaval
Gróðurhúsið v/Sigtún
Símar: 36770 86340
Fyrstur með fréttirnar VÍSIR